

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 244/2023

2024/EES/35/55

frá 22. september 2023

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um
samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/936 frá 10. maí 2023 um Evrópuár færinnar ⁽¹⁾.
- Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í 8. lið 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„— **32023 D 0936:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/936 frá 10. maí 2023 um Evrópuár færinnar (Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.